

Minnisblað vegna hækkunar á húsaleigu Fasteigna vegna leikskólalóðar við Árholt sem þjónar starfsemi Lautarinnar, leikskóladeildar í húsnæði Glerárskóla

Leikskóladeildin Lautin í Glerárskóla heyrir undir rekstur leikskólans Tröllaborga. Við gerð fjárhagsáætlunar 2018 var stuðst við áætlun Fasteigna varðandi húsaleigu vegna leikskólalóðar við Árholt. Áætlun Fasteigna hljóðaði upp á 1.849 þús.kr. og miðaðist sú leigufjárhæð við 15 m.kr. framkvæmdakostnað og 10 ára afskriftatíma. Þessar forsendur hafa breyst fyrir og fremst vegna kröfu endurskoðanda um að afskriftatími yrði stytur úr 10 árum í 3 ár og þá fór einnig framkvæmdakostnaður verulega fram úr áætlun og endaði í 23.489 þús.kr. Húsaleiga Fasteigna vegna þessa breyttist því úr 1.849 þús.kr. í um 8,5 m.kr. Óskað er eftir að þessu kostnaðarauka verði mætt með viðauka upp á 6.650 þús.kr.

Upphæðin færist á kostnaðarstöð 1041230 á bókhaldslykil 54415.